

Mál nr. 373/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Árestur á bifreiðastæði við Ármúla 56 – 60 þann 02.07. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 05.09. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 12.09. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 26.09. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið aftur á bak sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag B telur ljóst að báðir ökumenn hafi ekki gætt nægjanlegrar aðgæslu sbr. 17. gr. umferðarlaga. Félagið telur, líkt og Tjónanefnd vátryggingarfélaganna, að skipta skuli sök til helminga.

Vátryggingafélag A hefur ekki gert athugasemdir vegna málskotsins.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit

Bifreiðunum var bakkað úr stæðum gegnt hvor annarri. Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa verður sök skipt til helminga. Ekki þykir rétt að láta halla á annan ökumann umfram hinn og því er sök skipt til helminga, sem fyrr segir.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 25. október 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.